

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-50/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings í tengslum við sölu hennar á vélhjól til Y, hér eftir einnig nefndur kaupandi. Álitsbeiðandi krefst þess að viðurkennt verði að hún sé ekki ábyrg vegna galla sem fram komu á vélhjól því sem hún seldi nefndum kaupanda.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 29. júlí sl., gaf kærunefndin kaupanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 2. september. Með bréfi, dags. 10. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 2. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 29. apríl 2015 seldi álitsbeiðandi kaupanda vélhjól xx-000 fyrir kr. 310.000. Var vélhjól af gerðinni Yamaha WR450, árgerð 2004. Með hjólinu fylgdu einnig sérstakur fatnaður, taska og bensínbrúsi. Segir álitsbeiðandi að næstum tveimur mánuðum eftir kaupin hafi kaupandi farið með hjól til dekkjaskipti og um leið beðið um að hjól yrði yfirfarið. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi kaupandi verið upplýstur um að tvennt amaði að hjólinu sem þyrfti að lagfæra; annars vegar afturgaffall og hins vegar legur að framan. Að öðru leyti hafi seljandi talið hjól í lagi. Við framangreinda skoðun kom í ljós, auk áður nefndra atriða, að gera þyrfti við bremsudisk, legur í stýri, legur í gaffli og öxul. Þessi atriði segist álitsbeiðandi ekki hafa vitað um þegar hún seldi hjól. Kaupandi sé hins vegar bifvéla virki og hafi þar að auki fengið annan aðila með sér til að skoða hjól og prófa það áður en kaupin fóru fram. Að sögn álitsbeiðanda greiddi kaupandi kr. 150.000 fyrir viðgerð á framangreindum þáttum ásamt dekkjaskiptum. Hann hafi nú krafist álitsbeiðanda um greiðslu kr. 30.000 vegna viðgerðanna. Segir álitsbeiðandi að hún vilji ekki greiða þá fjárhæð þar sem um sé að ræða atriði sem teljist til eðlilegs slits á 11 ára gömlu hjól og að auki hafi umrædd atriði komið fram 2 mánuðum eftir kaupin og því alls óvíst að þau hafi öll verið til staðar við kaupin. Þá bendir álitsbeiðandi á að kaupandi hefði getað farið með hjól í ástandsskoðun fyrir kaupin, en það mun hann ekki hafa gert.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tilkynningu um eigendaskipti af vélhjól því er deilt er um í málinu.

IV

Andsvör kaupanda

Í andsvörum kaupanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi haldið því fram í upphafi að hjól væri í góðu lagi og hægt að götuskrá það, en númerin lægju bara inni. Við skoðun segist kaupandi hafa tekið eftir því slag hafi verið komið í legur í „lync“. Álitsbeiðandi hafi sagt að þannig hefði hjól verið frá því hún keypti það. Það sé því fjarri lagi að álitsbeiðandi

hafi minnst á þetta atriði að eigin frumkvæði. Hið rétta sé að álitsbeiðandi hafi bara sagt hjólið í mjög góðu lagi og aðeins þyrfti að setja ljós á hjólið til að fá það götuskráð. Kaupandi segir að rétt sé að hann sé bifvélavirki en hins vegar hafi hann lítið starfað sem slíkur og aldrei á sviði vélhjólaviðgerða. Hins vegar segist kaupandi hafa treyst sambýlismanni álitsbeiðanda, sem hafði milligöngu um viðskiptin, enda hafi þeir unnið saman í um ár. Segir kaupandi síðan að viðskiptin hafi farið fram hinn 29. apríl 2015. Þar sem listaverð hjólsins hafi verið kr. 350.000 hafi kaupverðið verið ákveðið kr. 310.000, enda hjólið ekki í toppstandi. Kaupandi segist síðan ekki hafa notað hjólið þar til hann fór með það á verkstæði hinn 15. júní sl. í dekkjaskipti. Hinn 1. júlí segist kaupandi síðan hafa haft samband við álitsbeiðanda og sagt henni frá vanköntum á hjólinu og að þeir væru töluvert umfangsmeiri en álitsbeiðandi hafði haldið fram við kaupin. Segist kaupandi hafa boðið álitsbeiðanda að ljúka málinu með greiðslu kr. 30.000 en því hafi álitsbeiðandi hafnað. Segir kaupandi að þegar sé búið að gera við hjólið fyrir kr. 107.482 og fyrirséð sé að gera þurfi við hjólið fyrir kr. 30.400 til viðbótar. Telur kaupandi að samkvæmt þessu hefði rétt kaupverð á hjólinu átt að vera kr. 212.118 en ekki 310.000. Segir seljandi einnig að nú hafi komið í ljós að ekki sé hægt að götuskrá hjólið líkt og álitsbeiðandi hafi haldið fram við kaupin. Það út af fyrir sig rýrir verðmat hjólsins töluvert og því hafi listaverð það sem haft var til hliðsjónar við kaupin ekki átt við. Eins hafi götuskráning hjólsins verið forsenda þess að kaupin hafi yfirleitt farið fram. Gerir kaupandi þá kröfu að álitsbeiðandi bæti úr göllum hjólsins að fullu.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör kaupanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör kaupanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi þvertekur fyrir að hafa lofað því að hægt yrði að götuskrá hjólið jafn auðveldlega og kaupandi heldur fram. Segist álitsbeiðandi aðeins hafa talið að það væri mögulegt byggt á því að hjólið hefði á einhverjum tímapunkti verið götuskráð, en tekið fram að hún væri ekki sérfræðingur í þeim efnum. Þá segir álitsbeiðandi það rangt sem kaupandi haldi fram að hann hafi ekki verið upplýstur um slag á svokölluðum „lync“ að fyrra bragði. Þá bendir álitsbeiðandi á að hún hafi keypt umrætt hjól á kr. 350.000 án nokkurs hlífðarfatnaðar, sem kaupandi hafi hins vegar fengið með í kaupunum, þ.e. jakka, skó, hnéhlífar, bensínbrúsa, tösku og hansa. Nývirði þessara hluta hafi numið um kr. 80.000. Því megi allt að einu halda því fram að kaupandi hafi í raun aðeins borgað á bilinu kr. 230.000 - 250.000 fyrir hjólið. Álitsbeiðandi tekur einnig fram að hún hafi heyrt sögur af hrakföllum kaupanda á hjólinu eftir kaupin og því geti vel verið að þær hafi valdið hnjaski á hjólinu sem álitsbeiðandi geti ekki borið ábyrgð á. Eins telur álitsbeiðandi að kaupandi hefði átt að hafa samband við sig vegna meintra galla áður en hann kaus að láta gera við hjólið, með tilheyrandi kostnaði. Eins bendir álitsbeiðandi á að hún hafi aldrei séð reikninga fyrir þeim viðgerðum sem kaupandi krefjist greiðslu fyrir. Að lokum kemur fram að álitsbeiðandi hafnar alfarið kröfum seljanda.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ekki er ljóst hvort ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup eða lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup þar sem kaupsamningur liggur ekki fyrir í málinu.

Eins og að framan er rakið keypti kaupandi vélhjólið xx-000 af álitsbeiðanda hinn 29. apríl 2015 fyrir kr. 310.000. Hjólið var árgerð 2004 og því a.m.k. 11 ára þegar kaupin fóru fram.

Álitsbeiðandi, sem er seljandi hjólsins, hefur í máli þessu krafist viðurkenningar á því að hún beri ekki ábyrgð á göllum á umræddu hjóli. Kaupandi hefur á móti krafist þess að álitsbeiðandi greiði allan kostnað við að bæta úr göllum hjólsins, án þess að skýra nánar hvað felst í því í andsvörum sínum, en engir reikningar vegna útlagðs kostnaðar fylgja andsvörum kaupanda, né nokkrar aðrar upplýsingar um ástandið á hinu umdeilda vélhjóli, en þau gögn liggja væntanlega hjá kaupanda. Þá hafa hvorki álitsbeiðandi né kaupandi lagt fram kaupsamning og afsal vegna viðskipta sinna, einungis tilkynningu um eigendaskipti, sem jafnframt eru einu skriflegu gögnin sem liggja fyrir í málinu Eins liggja ekki fyrir neinar aðrar upplýsingar, aðrar en orð gegn orði, um það hvort álitsbeiðandi hafi fullyrt við söluna á hjólinu að hægt yrði að götuskrá hjólið, eða hvort álitsbeiðandi hafi vitað um þá galla sem komu fram á hjólinu 2 mánuðum eftir kaupin. Eins liggur ekkert fyrir nema orð gegn orði, um notkun á hjólinu frá kaupdegi og þar til það var fyrst skoðað á verkstæði eftir kaupin. Þrátt fyrir þetta er ekki útilokað að skrifleg gögn, líkt og kaupsamningur og afsal, reikningar frá verkstæðum vegna viðgerða sem og skriflegar upplýsingar frá þeim sem framkvæmdu viðgerðirnar um mögulega tilurð þeirra meintu galla sem á hjólinu voru, eða önnur gögn, geri það að verkum að hægt væri að komast að niðurstöðu í málinu. Hvað sem því líður telur kærunefndin samkvæmt framansögðu að nefndin geti ekki komist að efnislegrri niðurstöðu í málinu byggt á þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir hana. Verður því, með vísan til 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa að vísa álitsbeiðni þessari frá. Rétt er að benda aðilum máls á að afli þeir þeirra gagna sem kærunefndin telur að skorti til að hægt sé að komast að niðurstöðu í málinu, mun nefndin taka málið að nýju til meðferðar.

VII

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir